

NILFISK

sterka ryksugan...

Styrkur og dæmalaus ending hins þýðenga, stillanlega og sparneytna mótors, staðsetning hans og hámarks orkunýting, vegna lágmarks loftmótstöðu í stóru ryksiunni, stóra, ódýra pappírspokanum og nýju kónisku slöngunni, afbragðs sogstykki og varanlegt efni, ál og stál. Svona er NILFISK: Vönduð og tæknilega ósvikin, gerð til að vinna sitt verk fljótt og vel, ár eftir ár, með lágmarks truflunum og tilkostnaði. Varanleg: til lengdar ódýrust.

Nýr hljóðdeyfir: Hljóðlátasta ryksugan.

Traust þjónusta

Ný keilu-slanga: 20% meira sogafli, stíflast síður.

Afborgunarskilmálar

FÖNIX

HÁTÚN 6A
SÍMI 24420

Raftækjaúrval — Næg bílastæði

BILALEIGA^{HF}


Kópavogi auglýsir.

Mánudaginn 5. júní opnum við í nýju húsnæði að Smiðjuvegi 36, Kóp. Jafnframt höfum við fengið nýtt símanúmer. Sími 75400. Bilaleiga og Saab-vidgerðir.

BILALEIGA^{HF}

Smiðjuvegi 36, Kóp. Sími 75400.

Þetta er nýja FUJICA AZ-1 ljósmyndavélin



ZOOM SLR
FUJICA AZ-1
FUJI FILM
FUJI PHOTO FILM CO., LTD.

Þeir hjá FUJI FILM fóru ekki troðnar slóðir þegar þeir hönnuðu nýju FUJICA AZ-1 myndavélina. Í FUJICA AZ-1 myndavélinni er sjálfvirk ljósmæling með hinu nýja I2 L tölvakerfi, sem nefnt er „Digital Shutter Speed Control“. Þetta ljósmælingarkerfi er mjög nákvæmt jafnvel við hin erfiðustu myndatökuskilyrði. FUJICA AZ-1 er fánleg með zoom-linsu 43 til 75 mm sem aðallinsu. — Og verðið er að sjálfsgöðu FUJI-verð — sem gerir grin að öllum keppinautum.

Sökumboð í Reykjavík
Amatörverzlunin
Laugavegi 55. Sími 2-27-18.



Svipmyndir á svipstundu

Svipmyndir í hvert skirteini

Svipmyndir sf.
Hverfisgötu 18 · Gegnt Þjóðleikhúsinu

Grjótaborp: Þorp innan borgarmarkanna

— Heillegast gamalla hverfa í Reykjavík með einstætt menningarsögulegt gildi

Grjótaborp er það svæði í Reykjavík nefnt sem afmarkað er af Vesturgötu, Aðalstræti, Túngötu og Garðastræti. Það heiti er dregið af bæjar nafninu Grjóti og átti áður við bæina vestast á svæðinu.

Grjótaborpið er heillegast gamalla hverfa í Reykjavík og neðst standa enn að hluta hús konungsverzlunarinnar úr Örfirisey. Grjótaborpið hefur oft komið til umræðu að undanförunum og nú síðast á dögnum er grafa birtist og braut niður lítið hús og eyddi gróðri.

Menn greinir á um gildi þorpsins. Sumir telja þarna samsafn gamalla húskumbalda sem best sé að hverfi en aðrir telja gildi þorpsins mikið og vilja vernda það. Íbúarnir hafa myndað samtök um vernd þorpsins og er samstaða þeirra mikil.

Í könnun sem gerð var á sögu og ástandi húsanna í Grjótaborpi, undir stjórn Nönnu Hermannsson borgarminjavarðar, segir m.a.: „Grjótaborpið hefur einstætt menningarsögulegt gildi í sjálfu sér og fyrir það eitt ber að varðveita það. En gildi hverfisins nær lengra. Grjótabrekkan er hluti af landinu umhverfis hvosina og byggðin þar tengd byggðinni við Tjörnina og í Þingholtunum. Í hverfum þessum er hvarvetna að finna sérkenni byggðarinnar í gamla borgarhlutanum: lág hús og margbreytileg sem standa ein sér í litlum gördum, oft með miklum trjágróðri.“



Dominique Pleidel. Með henni er ung dóttir hennar.

„Samansafn af lélegum húsum í Grjótaborpi“

Á árunum 1967–70 gerðu Hörður Ágústsson og Þorsteinn Gunnarsson umfangsmikla könnun á varðveizlugildi húsa í gömlu hverfunum í Reykjavík. Yfirlit þeirra var unnið með hljóðsjón af aðalskipulagi Reykjavíkur 1962–1983 og skyldu varðveizlutillögur hvergi brjóta í bága við ákvarðanir þess, enda var þá enginn almennur áhugi á húsvernd, eins og segir í inngangi könnunarinnar sem unnin var undir stjórn borgarminjavarðar.

Í aðalskipulagi hafði þetta verið sagt um Grjótaborp: „Mesta samansafnið af mjög lélegum húsum er í Grjótaborpi, og er það væntanlega eina hverfið í borginni, þar sem borgaryfirvöld þurfa að sjá um algera endurskipulagningu.“ Astæðan fyrir

lélegu viðhaldi húsanna var að lengi hafði verið áætlað að leggja götu eftir hverfinu endilöngu og að eldri hús hyrfu.

Í gatnakerfi aðalskipulags 1962–83 var gert ráð fyrir hraðbraut úr Suðurgötu frá Hringbraut norður fyrir Túngötu, allt að Geirsgötu. Þessar hraðbrautarhugmyndir hafa nú verið lagðar á hilluna.

Varðveizla heilla borgarhverfa

Skilningur á því að okkur beri að varðveit sem mest af heilum borgarhlutum fór vaxandi í Evrópu eftir 1960. Löggið finni í mörgum löndum

JÓNAS HARALDSSON

LJÓSMYND HÖRÐUR VILHJÁLMSÓN

DB-myndir Ari Kristinsson.



Vinnuvélin sem braut niður skúrbygginguna og rótaði upp jarðvegnum á dögnum. Eigandi lóðarinnar hefur nú skipt um skoðun og mun fús að tyrfa í sárin og setja niður blóm og fleira í garðinn. DB-mynd Hörður.



Laufey Jakobsdóttir, Grjótagötu 12.



Íbúar Grjótagarps máluðu skúrinn á sínum tíma og gerðu hinn snyrtilegasta garð fyrir framan hann.

hefur verið breytt til þess að stuðla að þessu. Til þess að varðveita heil hverfi héraendis þarf bæði skilning eigenda og almennings. Þá þarf hið opinbera að beita skipulagslögum til þess að stuðla að húsvernd og gera mönnum fjárhagslega kleift að endurbæta gömul hús og búa í þeim.

Í könnuninni Grjótagarpp 1976 segir ennfremur: „Sá áhugi á gömlum húsum sem hefur vaknað hér nú er ekki eintómt tiskufyrirbæri, heldur samhlíða varðveislustefnu í mörgum löndum og er hluti af stærra vandamáli nútímans um það hvernig auðlindum jarðar sé ráðstafað og hvernig við eigum að búa betur að okkur sjálfum.“

Bílastær þrengja að — gönguhverfi

Dagblaðið gerði sér ferð í Grjótagarþorpið og ræddi við tvo íbúa þorpsins um vandamál liðandi stundar og framtíð húsananna. Að Mjóstræti 3 hittum við fyrir Dominique Pledele, franska stúlku að uppruna, sem hefur verið búsett hér lengi, þar af sjö ár í Mjóstrætinu.

Dominique sagðist kunna vel við sig í Grjótagarþorpinu. Þetta væri eins og að búa í þorpi úti á landi þar sem allir þekktu alla og nágrennarnir væru góðir og hjálpsamir. Hún sagði þó að það væri mikið öryggisleysi að búa í húsinu, sérstaklega eftir að eigandskipti urðu nýlega. Dominique er með litla barn og sagði hún að enda þótt eigandi hússins væri ágætur maður væri viðhaldi hússins lítt sinnt og væru allar vatns- og rafmagnslagnir lélegar, svo og einangrun. Það væri erfitt að búa við það að eigandi gæti hvenær sem honum sýndist rífið húsið.

Húsið að Mjóstræti 3 er að mörgu

leyti merkilegt. Sigríður Einarsdóttir, kona Eiríks Magnússonar bókavaraðar í Cambridge, lét reisa húsið 1885 og nefndi það Vinaminni. Sigríður rak kvenskóla þar veturinn 1891—92. Veturna 1904—6 var þar kvöldskóli Iðnaðarmannafélagsins, forveri Iðnskólans í Reykjavík. Skömmu eftir aldamótin bjó þar Jón Víðalín konsúll Breta og hélt þar stórveizlur. Árin 1909—15 bjó Ásgrímur Jónsson málari eftir í húsinu og hafði þar vinnustofu en hélt árlegar vorsýningar á miðhæðinni. Þá má nefna það að þar bjó Haraldur Nielsson prófessor og Jónas Haralz bankastjóri sleit þar barnsskólum.

Húsið er lítið breytt í útliti og hefur öll bygging þess einkennst af glæsibrag og stórhug eins og segir í áður nefndri könnun. Nauðsynlegt er að endurnýja lagnir hússins og bæta frágang þess.

Að sögn Dominique hafa íbúar hússins lagað garðinn í kringum það og er hann nú orðinn snyrtilegur. Hún sagði að stöðug vandræði væru vegna frekju bileigenda sem legðu á hvern auðan blett í þorpinu og jafnvel inn á gras. „Það er nauðsynlegt að banna bilaumferð í þorpinu og gera það að gönguhverfi,“ sagði Dominique.

„Stöðva þarf þetta yfiringilega dráp á húsum“

Í litlu en snotru húsi að Grjótagötu 12 býr Laufey Jakobsdóttir, formaður framkvæmdanefndar íbúasamtaka Grjótagarps. Laufey sagðist hafa verið á fundi með Þorkeli Valdimarssyni, eiganda hinnar umdeildu lóðar á bak við Fjalaköttinn, þar sem vinnuvélin hóf aðgerðir fyrir í vikunni. Hún sagði að Þorkell hefði nú breytt fyrri afstöðu sinni og væri nú tilbúinn að útvega torf, mold og blóm til að laga sárin eftir vinnuvélinu. „Og ég vil þakka



Mjóstræti 3, Vinaminni, sem reist var árið 1885.

honum fyrir þetta, ég er viss um að hann stendur við sitt. Nú er bara að gera þetta upp á nýtt eftir að málin hafa verið rædd.

Það sem vakir fyrir okkur er að gera þorpið þannig að hætt verði að líta á það sem einhverja ruslakistu og látið verði af því virðingarleysi sem þessum húsum er sýnt.

Það þarf bara að stoppa þetta yfiringilega dráp á húsum. Það er eins og

mennirnir vilji ekkert nema bilastæði og aftur bilastæði, verzlarnir og meira brask. Það er því miður lítill skilningur fyrir verndun þessara húsa. En ungt fólk þarf að vita hvar fortíð þess liggur.

Við verðum fyrir miklum vonbrigðum ef ekki koma fram breytt viðhorf í þessum málum með nýjum meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur,“ sagði Laufey Jakobsdóttir.

Þess má að lokum geta að nýlega skrifaði DB um auða lóð á horni Túngötu og Garðastrætis, sem fyrirhugað var að breyta í bilastæði, en hafði verið notuð sem leiksvæði fyrir börnin á skóladagheimilinu á Hallveigarstöðum. Nú mun hins vegar hætt við áformin um bilastæði og börnin fá væntanlega að vera þar áfram. Börnin hafa því reynzt réttþærri en billinn og er það vel.

JH.

Fasteignir á Suðurnesjum:

KEFLAVÍK

Tvær 2ja herb. íbúðir í smíðum

sérinngangur, 75 ferm. Skilað fullkláraðum að utan, máluðum, einangruðum, með miðstöðvarlagn. Verð kr. 6,8 millj.

Tvær 4ra herb. íbúðir í smíðum,

um 100 ferm. Sérinngangur, bílskúr. Skilað fullkláraðum að utan, máluðum, einangruðum með miðstöðvarlagn. Verð 10,8 millj.

3ja herb. íbúð í tvíbýlishúsi

í sérflakki með bílskúr. Verð kr. 8—8,5 millj., útb. 4—4,5 millj.

2 herb. nýleg 60 ferm íbúð.

Verð 8—8,5 millj., útborgun 4,5—5 millj.

Góð sérhæð, 100 ferm,

stór bílskúr. Verð 14—15 millj.

4 herb. íbúð í fjölbýlishúsi,

115 ferm. Verð 9 millj., útborgun 4,5 millj.

3 herb. í tvíbýli

á góðum stað, ca 75 ferm, stór bílskúr fylgir. Verð 10,5—11 millj., útborgun 6 millj.

3 herb. í tvíbýli

á góðum stað, um 80 ferm. Verð 8—8,5 millj., útborgun 6,5 millj.

3ja herb. endaíbúð í fjölbýlishúsi.

Vel við haldið. Verð kr. 8,5—9 millj., útb. 4—4,5 millj.

3ja herb. íbúð í þrjúbýlishúsi

á mjög góðum stað. Bílskúrsréttur. Verð kr. 11,5—12 millj., útb. 6 millj.

Raðhús á tveimur hæðum með bílskúr.

Nýeldhúsinrétting. Verð kr. 14 millj., útb. 7,5 millj.

4ra herb. íbúð,

115 ferm. í fjörbýlishúsi með bílskúr. Verð kr. 14—15 millj., útb. 7,5—8 millj.

4ra herb. íbúð í fjölbýlishúsi,

115 ferm. Verð kr. 12 millj., útb. 7 millj.

Einbýlishús, 110 fm,

bílskúr ca 30 fm. Góð eign á góðum stað. Verð 19—20 millj., útb. 10 m.

Sérhæð á mjög góðum stað,

125 fm með 80 fm bílskúr. Nýir gluggar og ný miðstöðvarlagn. Verð 17 millj.

3ja herb. íbúð

í tvíbýli á góðum stað. Verð 7—7,5 millj., útb. 3,5 m.

Góð sérhæð, 115 fm

með 42 fm bílskúr. Snyrtileg eign. Verð 15—16 millj.

GARÐURINN

Stórt einbýlishús

160 fm með tvöföldum bílskúr, 55 fm. Ekki fullklárað. Verð kr. 14—15 millj., útb. samk.

Sökklar að einbýlishúsi,

uppfylltir. Verð kr. 2—2,5 millj. Teikn á skrifst.

GRINDAVÍK

Einbýlishús, 134 fm

með tvöföldum bílskúr. Verð kr. 18—20 millj., útb. 10 millj.

Eldra einbýlishús,

60 ferm úr timbri með járnklæðningu. Stækkunar- möguleikar. Verð kr. 5,5 millj., útb. 2,5—2,8 millj.

Sérhæð, um 130 fm með bílskúr

á góðum stað. Verð 10—11 millj. Útb. 5,5 millj.

VOGAR

Einbýlishús, 120 fm,

bílskúr, 30 fm. Einnig til sölu samhlíða bátur og bátaskýli við sjó gegn tilboði. Verð 15—16 millj. Útb. 7,5—8 millj., skipti á íbúð í Reykjavík koma til greina.

Nýtt einbýlishús, ófullklárað,

um 100 ferm með góðum bílskúr. Verð 8—8,5 millj.

SANDGERÐI

Fokhelt einbýlishús

sem þarf ekki að þússa að utan. Gler í gluggum. Gott verð, kr. 5,5 millj., útb. samk.

Fokhelt einbýlishús,

steypt loft og gólfplata, sökklar undir bílskúr. Verð 6,5—7 millj., útb. samk.

Lítið einbýlishús

með nýjum gluggum og útihurðum. Verð kr. 7 millj., útb. 3—3,5 millj.

Einbýlishús, 110 ferm,

steinsteypt og hlaðið. Verð kr. 9—9,5 millj., útb. 4—4,5 millj.

ÝMISLEGT

Höfum til sölu sumarbústaði í smíðum, 2ja til 3ja mánaða afgreiðslufrestur. Mjög gott verð.

Iðnaðarhúsnæði

fullklárað, verð 60—65 millj.

180 ferm iðnaðarhúsnæði

til sölu ásamt verzlunarhúsnæði við Hringbraut, stækkun möguleg.

Vantar raðhús á góðum stað, skipti á einbýlishúsi möguleg.

Ath. Höfum fjársterkan aðila með 16 millj. í útborgun. á góðu einbýlishúsi.

Margs konar íbúðaskipti fyrir hendi.

Opið 6 daga vikunnar frá kl. 1—6. Myndir af öllum fasteignum á skrifstofunni. Höfum fjársterka kaupendur að einbýlishúsum og raðhúsum.



EIGNAMIÐLUN
SUÐURNESJA

HAFNARGÖTU 57 — KEFLAVÍK — Sími 3868



Tökum að okkur klæðningar á **Range Rover** Mikið úrval af áklæðum. **Húsmunir** á horni Hverfisgötu og Vita-stígs.